

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Reykjagarður hf. Jarlsstaðir, Rangárpíngi ytra



Dags eftirlits	23.9.2021	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Reykjagarður hf.	Eftirlitsmaður	Gottskálk Friðgeirsson
Heimili	Fossháls 1	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6509032180	Flokkur	Pauleldi
Fulltrúi fyrirtækis	Magnús Huldar Ingbórsson	ÍSAT nr.	01.47.1
Fulltrúi fyrirtækis	Þór Þorsteinsson og fl.	Staðsetning	

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Ekki fannst frávik frá kröfum í starfsleyfi.

Rekstraraðila er bent á misræmi. Í samþykktu deiliskipulagi Jarlsstaða er heimilt að geyma 400 lítra af olíu vegna varaafls og kyndingar. Nú eru olíugeymar fyrir allt að 10 000 lítra í notkun á Jarlsstöðum.

Rekstraraðila er bent á að sbr. grein 4.6 í starfsleyfi skal Umhverfisstofnun fá senda vöktunaráætlun til samþykktar.

Bent er á að samkvæmt ákvæði í grein 3.8 í starfsleyfi er einungis heimilt að dreifa húsdýraáburði sem samsvarar 891 kg af köfnunarefni á ári. Þetta magn er tilkomið vegna þess að rekstraraðili notaði þetta magn (810 kg + 10%) í matskyldufyrirspurn til Skipulagsstofnunar.

## UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit var farið í reglubundið eftirlit í pauleldi Reykjagarðs að Jarlsstöðum. Fulltrúar rekstraraðila voru Magnús Huldar Ingbórsson frá Reykjagarði, Þór Þorsteinsson, Þórður Gíslason og Hólmfríður Þórsdóttir frá Rangárbúi en Gottskálk Friðgeirsson mætti frá Umhverfisstofnun.

Rekstraraðili er með starfsleyfi sem gefið var út af Umhverfisstofnun þann 26. febrúar 2019. Starfsleyfið byggir m.a. á kröfum í BAT-niðurstöðum fyrir pauleldi BATC/EU 2017/302 sem voru innleiddar í á Íslandi með reglugerð nr. 1165/2020 um (1.) breytingu á reglugerð 935/2018 um BAT.

Starfsleyfið veitir heimild fyrir búi með stæði fyrir 60.000 fugla í fjórum eldishólfum. Lífmassi á hvern fermetra skal aldrei fara yfir 39 kg/m<sup>2</sup>. Einnig er heimild fyrir hauggeymslu og þjónustuhúsi.

Boðuð dagskrá:

1. Olíumannvirki, olíugeymar á búinu
2. Yfirferð á stöðu eldri fráviks og ábendinga
3. Helstu kröfur starfsleyfis
4. Verklag við förgun sjálf dauðra og sýktra dýrahæja
5. Besta aðgengilega tækni á búinu
6. Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna
7. Tíðni eftirlita og áhættumat 2021
8. Önnur mál, atvik, breytingar, óhöpp og kvartanir
9. Umgengni um búið og aðgengi

### 1. Olíumannvirki, olíugeymar á búinu

Á Jarlsstöðum eru húsaeymar við öll eldisrými, alls er rými fyrir um 9400 lítra. Eins er daggeymir við vararafstöð búsins. Rekstraraðili hefur uppfært lista yfir olíugeyma á búinu og Umhverfisstofnun fengið afrit af listanum.

Í deiliskipulagi fyrir Jarlsstaði sem samþykkt í sveitarstjórn þann 12. október 2016 er tekið fram að heimilt sé að geyma allt að 400 lítra af olíu á svæðinu vegna varaafls og kyndingar. Huga þarf að samræmi þar sem nú eru geymd allt að 10 000 lítrar af olíu á búinu.

Gögnum um olíugeyma verður komið til Heilbrigðiseftirlits Suðurlands sem er ábyrgt fyrir skráningu olíugeyma á svæði heilbrigðisnefndar Suðurlandssvæðis.

### 2. Yfirferð á stöðu fráviks og ábendinga

Tvisvar hefur Umhverfisstofnun komið í eftirlit með starfsleyfi búsins. Engin frávik frá kröfum í starfsleyfi hafa komið fram. Ábendingar eftirlitsmanns hefur snúið að geymslu og förgun á sjálf dauðum fuglum og sýktum ungum sem tíndir eru út úr húsunum og fargað. Kröfur um merkingar og gerð íláta sem notuð eru undir dýrahæ eru á forræði Matvælastofnunar og eftirlitsmaður hefur bent á mikilvægi réttra

merkinga og að verktakar sem sjá um tæmingu ílátanna séu upplýstir um förgunarleiðir.

Eins hefur eftirlitsmaður bent á að í BAT1 (umhverfisstjórnunarkerfi) skal rekstraraðili setja sér umhverfisstefnu og mælanleg umhverfismarkmið og upplýsa starfsmenn um markmiðin og hvetja þá til að leggja þeim lið.

### 3. Helstu kröfur í starfsleyfi

Í starfsleyfi eru gerðar kröfur um að skriflegar áætlanir liggja fyrir hjá rekstraraðila. Farið var yfir áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar, viðbragðsáætlun og áætlun um nýtingu húsdýraáburðar.

Vöktunaráætlun skal liggja fyrir og vera endurskoðuð á fimm ára fresti. Vöktunaráætlun skal innihalda áætlun um hvaða umhverfisþætti skal mæla (vakta) í nágrenni búans svo hægt sé að meta jákvæð eða neikvæð áhrif búans (álag) á umhverfið í grennd við búíð.

Eftirlitsmaður óskar eftir að fá sent eintak af vöktunaráætlun búans til samþykktar.

Gagnaskil rekstraraðila eru í góðu lagi. Skjal þar sem rekstraraðili matar eldið inn í BAT niðurstöður sem nýlega voru innleiddar hefur borist. Samningur um nýtingu húsdýraáburðar liggur fyrir. Niðurstöður skráninga berast árlega og grænt bókhald og útstreymisbókhald bærust fyrir 1. maí í ár.

Nokkrar mælingakröfur eru í grein 4.2 í starfsleyfi sem snúa að því að rekstraraðili skal mæla eða meta álag vegna losunar á N og P frá húsdýraáburði og eins skal mæla eða meta rykmengun frá eldihúsum. Bent er á að samkvæmt ákvæði í grein 3.8 í starfsleyfi er einungis heimilt að dreifa húsdýraáburði sem samsvarar 891 kg af köfnunarefni á ári. Þetta magn er tilkomið vegna þess að rekstraraðili notaði þetta magn (810 kg + 10%) í matskyldufyrirspurn til Skipulagsstofnunar.

### 4. Verklag við förgun sjálf dauðra og sýktra dýrahæja

Þar sem ekki er heimilt að urða úrgangi í áhættuflokki 2 beint, var farið yfir kröfur um merkingu gáma og upplýsingagjöf til verktaka sem tæma gámana.

Öll ílát sem notað eru undir sýkt og sjálf dauð dýrahæ eru merkt í samræmi við kröfur Matvælastofnunar.

### 5. Besta aðgengilega tækni á búinu

Rekstraraðili sendi inn stöðu sína gagnvart BAT1 – BAT12 og var skjalið notað við gerð núgildandi starfsleyfis. Umhverfisstjórnunarkerfi búans tekur tillit til þessara BAT niðurstöðna. Enn er þó hægt að máta sig betur við niðurstöður bestu aðgengilegu tækni.

### 6. Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna

Rætt var um efnanotkun. Lítið magn hættulegra efna er notað á búinu. Helstu efni eru sápur (Kenosan) og sóttþreinsiefni (Virocid) sem notuð eru við þrif á milli fuglahópa. Verktaki sér um þau þrif.

### 7. Tíðni eftirlit og áhættumat 2021

Í áhættumati til ákvörðunar á hversu oft Umhverfisstofnun kemur í eftirlit sem gert var árið 2020 fékkst einkunnin 1 og því skyldi fækka eftirlitum. Ákveðið var þó að vegna þess að búíð er nýtt og enn var eftir að byggja hauggeymslu að koma aftur í eftirlit nú í ár.

Í eftirlitinu var farið yfir áhættumatið með rekstraraðila en nýtt áhættumat verður notað við gerð nýrrar eftirlitsáætlunar Umhverfisstofnunar.

### 8. Önnur mál, atvik, breytingar, óhöpp og kvartanir

Engin mengunaróhöpp hafa orðið á árinu. Engar fréttir eru af kvörtunm nágranna.

Byggingu hauggeymslu er lokið og teljast mannvirki þá fullbyggð þó varanlegra þjónustuhús gæti risið síðar. Seyra verður áfram flutt í seyruvinnsluna á Flúðum.

### 9. Umgengni um búíð og aðgengi

Utandyra er snyrtilegt um að litast. Ekki eru gerðar athugasemdir við umgengni og aðkomu að búinu.

## ÁBENDINGAR

Rekstraraðila er bent á misræmi. Í samþykktu deiliskipulagi Jarlsstaða er heimilt að geyma 400 lítra af olíu vegna varaafis og kyndingar. Nú eru olíugeymar fyrir allt að 10 000 lítra í notkun á Jarlsstöðum.

Rekstraraðila er bent á að sbr. grein 4.6 í starfsleyfi skal Umhverfisstofnun fá senda vöktunaráætlun til samþykktar.

Bent er á að samkvæmt ákvæði í grein 3.8 í starfsleyfi er einungis heimilt að dreifa húsdýraáburði sem samsvarar 891 kg af köfnunarefni á ári. Þetta magn er tilkomið vegna þess að rekstraraðili notaði þetta magn (810 kg + 10%) í matskyldufyrirspurn til Skipulagsstofnunar.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 03.11.2021



Gottskálk Friðgeirsson